



Ársskýrsla umdæmisstjóra 109 B 2018-2019

Inngangur

Nú fer að styttest í annan endann á þessu starfsári 2018 – 2019, einungis 2 mánuðir eftir. Ætli það hafi ekki verið í byrjun árs 2011 sem að lionsmaður mikill „Kristinn Hannesson hafði samband við okkur hjónin og spurði hvort ykkar ætlar að bjóða sig fram sem 2 varaumdæmisstjóri? Þetta orðalag hvort ykkar hafði mikil áhrif á mig þrátt fyrir að ég segði við manninn minn hann Kela - Þorkell Cýrusson þú ferð núna og hann svaraði allt í lagi en þú ferð seinna. Nú er þessu þriggja ára ferðalagi að ljúka en þetta er tími sem ég hugsa um til baka með miklu þakklæti og ánægju fyrir allar klúbbaheimsóknirnar sem ég/við hjónin höfum farið í og þær góðu móttökur sem ég/við höfum fengið alls staðar sem við höfum komið.

Ég vil hvetja fólk til þess að gefa kost á sér í leiðtogastörf fyrir hreyfinguna, tíminn sem maður „eyðir“ er nokkur en vel þess virði.

Með mér í umdæmisstjórninni eru þeir Bragi Ragnarsson varaumdæmisstjóri og G. Andri Guðjónsson annar vara og þakka ég þeim báðum fyrir gott samstarf. Það er mikilvægt að hafa gott fólk með sér og ég hef verið heppin með það.

Látnir félagar

Áður en lengra er haldið er rétt að minnst þeirra félaga okkar sem látist hafa frá síðasta þingi. Samkvæmt mánaðarskýrslum klúbba eru það eftirtaldir:

Bragi Jósafatsson úr Lionsklúbbi Borgarness

Elín Sigurbjörg Sigurðardóttir úr Lionsklúbbum Sunnu Dalvík

Ef mér hefur sést yfir að minnst einhverra látinna félaga, til viðbótar þeim sem hér eru nefndir, biðst ég velvirðingar á því.

Við kveðjum þessa félaga okkar með söknuði og þakklæti fyrir þeirra óeigingjarna starf í nafni Lionshreyfingarinnar. Við færum fjölskyldum þeirra og vinum samúdarkveðjur og ég vil biðja viðstadda að rísa úr sætum og votta hinum látnu félögum okkar virðingu með stuttri þögn. Þakka ykkur fyrir.

Umdæmis- og fjölumdæmisþingin 2018

Síðasta þing var haldið í Reykjanesbæ, nánar tiltekið að Ásbrú 20.-21. apríl 2018. Var það haldið af klúbbunum af svæði 5 í A-umdæminu og er ekki að spyrja að því að þau Suðurnesjamenn og konur tóku á móti okkur með glæsibrag. Veðrið var samt aðeins að hrella okkur í skrudgöngunni, hellirigning og rok en að sjálfsögðu létum við lionsfélagar það ekki slá okkur útaf laginu.

Því miður er það svo að þeim lionsfélögum fækkar sem mæta á þing og bera klúbbar við sig miklum kostnaði. Ég hef orðið vör við það á mínum heimsóknum að æ fleiri klúbbar eru farin að skipa stjórn til tveggja ára í stað eins árs. Þar með lækkar kostnaðurinn hjá klúbbunum við að senda stjórnina á þing en þar með fækkar þinggestum sem er miður. Einmitt vegna þessa



þykir mér því enn mikilvægara að klúbbarnir sendi þá sína stjórnir á þingin þegar skipt er um stjórn.

Á fjölumdæmisþinginu voru samþykkt ný lög fyrir Rauðu fjöðrina og jafnframt samþykkt að vera með Rauðu fjaðrar söfnun 6.-7. apríl 2019

Umdæmisstjórn 109 B

Í umdæmisstjórninni minni í vetur hefur starfað einvala lið af góðu fólki sem hafa mikla reynslu af félagamálum og hafa sinnt starfi sínu sem lionsfélagar og fulltrúar ykkar allra í umdæminu með miklum sóma og kann ég þeim allar mínar þakkir fyrir samveruna bæði við leik og störf. Þetta voru 23 einstaklingar sem voru í umdæmisstjórninni, 10 konur sem gerir 43,5 % og 13 karlar sem eru 56,5 %

| | | |
|--------------------------------|----------------------------|-----------------------|
| Umdæmisstjóri | Sigfríð Andradóttir | Lkl.Búðardals |
| 1.varaumdæmisstjóri | Bragi Ragnarsson | Lkl.Mosfellsbæjar |
| 2.varaumdæmisstjóri | G. Andri Gylfason | Lkl.Hængur Akureyri |
| Umdæmisritari/gjaldk. | Þorkell Cýrusson | Lkl.Búðardals |
| GLT - Leiðtoga/fræðslufulltrúi | G. Andri Gylfason | Lkl.Hængur Akureyri |
| GMT - Félagafulltrúi | Björn Guðmundsson | Lkl.Hængur Akureyri |
| GMT - Konur í Lions | Anna Blöndal | Lkl.Ylfa Akureyri |
| GST - Verkefnafulltrúi | Stefanía Ósk Stefánsd. | Lkl.Björk Sauðárkróks |
| Svæðisstjóri á svæði 1-2 | Jökull Helgason | Lkl. Borgarnes |
| Svæðisstjóri á svæði 3 | Jón Guðmundsson | Lkl. Ólafsvíkur |
| Svæðisstjóri á svæði 4 | Bjarnís Friðriksdóttir | Lkl. Ísafjarðar |
| Svæðisstjóri á svæði 5 | Sveinn Sverrisson | Lkl. Sauðárkróks |
| Svæðisstjóri á svæði 6 | Anna S. Halldórsdóttir | Lkl.Ösp Akureyri |
| Alþjóðasamskiptafulltrúi | Sigurður Steingrímsson | Lkl.Vitaðsgjafi |
| Heilbrigðisfulltrúi | María Ingadóttir | Lkl.Ösp Akureyri |
| Kynningarfulltrúi | Hólmfríður G. Skúlad. | Lkl.Sunna Dalvík |
| LCIF fulltrúi | Benjamín Jósefsson | Lkl.Akraness |
| Lestrarátaksfulltrúi | Hrund Hjaltadóttir | Lkl.Fold Reykjavík |
| Lions Quest fulltrúi | | |
| Medic Alert fulltrúi | Stefán Árnason | Lkl.Vitaðsgjafi |
| Menningarfulltrúi | Gerður Jónsdóttir | Lkl.Ylfa Akureyri |
| Netfulltrúi | Sigríður Guðmundsd Lkl. Úa | Mosfellsbæ |
| Umdæmisþingfulltrúi | Kristinn Hannesson | Lkl.Mosfellsbæjar |
| Umhverfisfulltrúi | Jón Heiðar Daðason | Lkl.Hængur Akureyri |
| Ungmennafulltrúi | Jóhann B Arngrímsson | Lkl.Hólmavíkur |
| . Friðarveggspjaldafulltrúi | | |
| . Ungmennaskiptafulltrúi | | |

Í heiðursráði eru síðustu 5 umdæmisstjórar, þau eru eftirfarandi:

| | | |
|------------------|----------------------|---------------------|
| Heiðursráð 109 B | Björn Guðmundsson | Lkl.Hængur Akureyri |
| Heiðursráð 109 B | Björg Bára Halldórsd | Lkl.Rán Ólafsvík |
| Heiðursráð 109 B | Stefán Árnason | Lkl.Vitaðsgjafi |
| Heiðursráð 109 B | Ingimundur G. Andrés | Lkl.Patreksfjarðar |
| Heiðursráð 109 B | Þorkell Cýrusson | Lkl.Búðardals |



Alþjóðafing Las Vegas

Það fyrsta sem við Geirþrúður umdæmisstjóri í A-inu gerðum var að fara á alþjóðafing Lions sem að þessu sinni var haldið í Las Vegas. Fyrstu 3 dagarnir fóru í það að setjast á skólabekk með lionsfélögum víðs vegar að bæði úr Evrópu og Bandaríkjunum. En stóri atburðurinn á þinginu var að sjálfsgöðu þessi stóra stund í sögu Lionshreyfingarinnar þegar að Guðrún Björt Yngvadóttir var kosin alþjóðaforsæti hennar, fyrst kvenna í yfir 100 ára sögu hennar og ekki hvað síst eins og hún sagði sjálf: fyrsti Íslendingurinn. Það er ekki hægt að lýsa stoltinu sem við Íslendingarnir sem vorum þarna fundum fyrir á þessari stóru stund.

Rekstur hreyfingarinnar

Á þessu starfsári höfum við haldið áfram því góða starfi sem undanfarin umdæmisstjóraráð hafa gert og verið meðvitaðar um reksturinn á hreyfingunni og stefnum að því að skila góðu búi. Eitt af því sem við ætlum að fara að gera er að minnka umfang Lionsblaðsins, flestir félagar á landinu vilja lesa blaðið rafrænt, hvort sem þau lesa það í PDF formi sent til þeirra í tölvupósti, lesa það á vefnum lions.is og/eða í nýja appinu Lionsmagazín Ísland. Þau sem vilja fá blaðið prentað og lesa það þannig, munu borga sjálf fyrir póstkostnað og þannig sparast stór upphæð. En þessi breyting kemur til á næsta starfsári og verður gott að sjá hvernig það verður.

Önnur breyting sem við gerðum var að fækka tímum á þinginu þannig að nú byrja skólarnir kl. 12:00 á hádegi á föstudeginum í stað kl. 09:30 sem þýðir að þar sparast heil nótt í kostnaði í gistingu hjá lionsfélögunum/klúbbunum á þingið því að flest allir hafa þar með kost á að koma fljúgandi/akandi/hjólandi á þingið.

Við höfum verið að velta við fleiri steinum hafandi í huga að margt smátt geri eitt stórt og vitum að viðtakandi umdæmisstjóraráð heldur áfram að gæta aðhalds í þessum málum.

Klúbbaheimsóknir og félagamál

Árið 2013 var ákveðið að taka upp þetta fyrirkomulag sem er núna að umdæmisstjórar fá 3 ár til að fara í klúbbaheimsóknir. Þessar breytingar tókust það vel að þau sem taka að sér þetta starf segja að það að hafa 3 ár muni öllu. Þar sem að Keli var fyrsti umdæmisstjórinn hér í B-inu þegar að breytingarnar urðu þýddi þetta að hann heimsótti ekki nema 20 klúbba af 36 og 2 deildir. Honum til mikillar ánægju hefur honum að mestu leyti tekist að klára hina klúbbana með mér en hann var minn staðfasti förunautur í vetur bæði sem bílstjóri og tæknimaður.

Hvað varðar félagamál þá er B-ið í nokkuð góðum málum hvað varðar fjölgun, þrátt fyrir það að við fengum þá leiðinlegu frétt 27. júní þar sem við vorum stödd á alþjóðafinginu að Lkl. Skagastrandar hafi skráð út alla sína féлага og lagt klúbbinn niður.

Frá 1 júlí hefur okkur fjölgað um 12 féлага, tekið 49 inn en á móti hafa 37 farið út. Munar það ekki hvað síst um það að Lkl. Vitaðsgjafi í Eyjafjarðarsveit stofnaði deild skipaða konum og hittu ég þær í mars og er mikill hugur í þeim að fjölga í deildinni þannig að þegar þær nái 20 manna markinu geti þær breytt sér og stofnað klúbb.

Kynjahlutfallið er nokkuð gott hér í B-inu eða karlar 62% og konur 38% en hreyfingin stefnir að því að hlutfallið verði 50/50 konur og karlar svo að við verðum að gefa í.



Eitt af því sem hefur reynst vel í öðrum löndum þar sem veikir karlklúbbar eiga í hlut er að gera þá blandaða og bjóða konum þannig inn í klúbbinn og þar með hreyfinguna.

Önnur hugmynd er að Lionsklúbbar haldi sérstaka kynningarfundir að hausti með markvissri eftirfylgni. Það er grein um hvernig á að halda kynningarfundir í Lionsblaði 313 sem var gefið út nú í mars 2019.

Allar stjórnir, allir Lionsfélagar, eru meðvitaðir um að fjölgun kemur ekki af sjálfu sér. Við verðum að muna eftir að bjóða gestum með okkur á fundi. Það er afar sjaldgæft að einhver banki upp á og óski eftir að fá að koma á Lionsfund – frumkvæðið þarf að koma frá okkur, Lionsfélögunum.

Afmæli klúbba

Eftirtaldir klúbbar eiga stórafmæli á starfsárinu 2018-19:

| | | |
|------------------|--------|----------------|
| Lkl. Agla | 25 ára | 20. apríl 1994 |
| Lkl. Björk | 25 ára | 26. maí 1994 |
| Lkl. Blönduós | 60 ára | 03. maí 1959 |
| Lkl. Bolungarvík | 60 ára | 15. maí 1959 |
| Lkl. Búðardals | 55 ára | 06. des 1963 |
| Lkl. Harpa | 25 ára | 06. apríl 1994 |
| Lkl. Rán | 25 ára | 05. apríl 1994 |
| Lkl. Sauðárkróks | 55 ára | 20. nóv 1964 |
| Lkl. Sunna | 25 ára | 26. maí 1994 |
| Lkl. Vitaðsgjafi | 45 ára | 11. júní 1974 |
| Lkl. Þernan | 25 ára | 05. maí 1994 |
| Lkl. Ösp | 25 ára | 22. apríl 1994 |

Starfið í umdæmisstjórn

Við Stýrurnar höfum haldið áfram því starfi sem þremmenningarnir Björn, Ellert og Jón byrjuðu á í fyrra að teymin í umdæmis- og fjölumdæminu vinni meira og betur saman bæði það að tala saman á milli funda og/eða skila saman skýrslum fyrir fundina. Okkur finnst að það sé eðlilegt verklag enda flest verkefni í umdæmunum með svipuðu sniði og hægt að vinna þau svipað.

Einnig höfum við sett saman fleiri en eitt teymi sem vinna í svipuðum og/eða skyldum málaflokkum til að fá fleiri sjónarmið við hvern málaflokk. Þetta hefur tekist vel og er af hinu góða, eflir félagsandann í umdæmisstjórninni og virknin er betri.

Við héldu 3 umdæmisfundir á þessu starfsári. Fyrsti fundurinn var haldinn laugardaginn 25. ágúst 2018 og var hann sameiginlegur með A-umdæminu og fjölumdæminu. Þennan fund héldum í sal Blindravinafélagsins. Á þessum fundi lögðum við línurnar fyrir veturinn, teymin hittust og settu sér markmið, svæðisstjórar fengu boðskapinn frá okkur beint í æð og voru fundarmenn á einu máli um að gott væri að byrja starfið með þessu móti.



Annar fundurinn var haldinn laugardaginn 17. nóvember í Lionssalnum Hlíðasmára 14 og 109A fundaði á sama tíma að Hlíðasmára 3, í sal flugfélagsins Atlanta. Að þeim loknum var svo fjölumdamisfundur, fyrst var skýrsla fjölumdamisstjóra, svo var farið yfir hvað var að fréttu af hvoru umdæmi fyrir sig og umræður sem höfðu farið þar fram. Eftir hádegismat þá var skipt teyminum skipt í hópa, þau fengu um klst. til að fjalla um og skipuleggja saman vinnu hjá teyminum ásamt því að fjalla um umræðuefni fundarins sem var Rauð fjöður og fyrir hverju ætti að safna. Á síðasta lionsþingi var samþykkt að á fyrsta fundi umdamisstjóraráðs þess starfsárs sem söfnunin er haldin að fenginni tillögu frá GST teyminu í hvaða málefni eða málaflokka söfnunarfénu skal varið en söfnunarfénu skal alltaf verið varið í kjarnaverkefni Lionshreyfingarinnar sem eru: sjónvernd, sykursýki, hungur, krabbamein barna og umhverfismál. Tillaga barst frá GST teyminu um að söfnunarfénu yrði varið í einhverja aðstoð og/eða tækjakaup fyrir börn sem hafa greinst með sykursýki. Miklar umræður sköpuðust um söfnunina og þessa afmörkun á fyrir hverju skyldi safnað. Var ákveðið að hafa samband við fagaðila með hvað vantaði hjá þeim.

Þriðji fundurinn var haldinn laugardaginn 23. febrúar og var hann með sama sniði og sá annar nema að í upphafi fjölumdamisfundar komu Sigurbjörg Jónsdóttir og Ægir Þór Steinarsson og kynntu fyrir okkur smáforritið Retína Risk sem er forrit sem gerir sykursjúkum kleift að fylgjast með einstaklingsbundinni áhættu þeirra á að þróa með sér augnsjúkdóma sem geta leitt til sjónskerðingar og jafnvel blindu. Eftir matarhlé var kynnt tillögu til breytinga á lögum um Rauða fjöður, Íslenska hjálparþjófurinn og breytingu á reglum um Kjaransorðuna. Þessar breytingar verða allar bornar upp á fjölumdamisþinginu 27. apríl.

Ungmennaskipti

Að þessu sinni voru ungmennabúðirnar í B-umdæminu en nokkur ungmenni dvöldu í heimagistingu hjá Lionsfélögum í A-umdæminu. Það er gaman og gefandi að taka þátt í ungmennaskiptum Lions, hvort sem um er að ræða starfið í kringum ungmennabúðirnar eða heimagistinguna og ég hvet alla til að taka þátt í þessu fallega starfi.

Orkester Norden

Það var sannarlega ánægjulegt að Orkester Norden, þessi frábæra hljómsveit okkar, skyldi koma hingað til lands og halda tónleika fyrir fullu húsi í Hörpu í ágúst s.l. Með hljómsveitinni léku að þessu sinni 4 íslenskir, ungir hljóðfærleikarar og við áttum líka einleikarann, sem var enginn annar en píanóleikarinn, Víkingur Heiðar Ólafsson. Ég hvet alla Lionsklúbba til að styðja við starf Orkester Norden, það er þess virði.

Formannafundir

Við stýrnar hældum formannafundi í Kópavogi og á Akureyri, dagana 13. og 14. október. Mæting var nokkuð góð og ágætar umræður.

Lestrarátak

Í september og fram í október heimsóttu Lionsfélagar alla leikskóla landsins og færðu þeim lestrarhvetjandi efni að gjöf. Skemmtilegt verkefni sem Lestrarteymið okkar hafði undirbúið með miklum myndarbrag í samvinnu við Menntamálastofnun.



Gleraugnasöfnun

Október er mánuður sjónverndar og fjölmargir Lionsfélagar settu upp betri gleraugun og hófu leit í skúffum og skápum að notuðum gleraugum sem þjónuðu ekki lengur eigendum sínum en gætu komið að notum hjá nýjum eigendum. Verkefnið gekk vonum framar en alls söfnuðust tæplega 10.000 gleraugu. GST teymið fékk Ingólf Kristmundsson, svæðisstjóra og féлага hans hjá Lionsklúbbi Kópavogs til að ganga frá gleraugunum til flutnings og semja við flutningsaðila og færi ég þeim bestu þakkir fyrir vel unnið verk. Einnig vil ég færa Gleraugnaheildsölunni Echo ehf., bestu þakkir og kveðjur fyrir að leggja okkur lið, en heildsalan gaf söfnunni umtalsvert magn af gleraugum. Á sjónverndardaginn 11. október, stóðu Lions og Blindrafélagið fyrir dagskrá í sal Blindrafélagsins. Þar var m.a. flutt áhugavert erindi um aldurstengda hrörnun í sjónbotnum.

Sykursýkisvarnir

Nóvember er mánuður sykursýkisvarna og það er gleðiefni að æ fleiri klúbbar taka þátt í blóðsykursmælingum. Heilbrigðisteymið heldur utan um þetta verkefni á landsvísu og hefur unnið feikigott starf.

Svæðisstjórar

Markmið okkar er að 1. júlí, ár hvert, sé búið að skipa vara svæðisstjóra, sem jafnframt starfi með svæðisstjóra sem svæðisritari. Þetta fyrirkomulag er til mikilla bóta og ég hvet viðtakandi svæðisstjóra til að bíða ekki langt fram á vorið með að fá varasvæðisstjóra fyrir næsta starfsár. Það gekk betur á þessu starfsári heldur en því síðasta í þessum efnunum og eins og við vitum þá skapar æfingin meistarann!

Heimsókn alþjóðaforseta.

Alþjóðaforseti, Guðrún Björt Yngvadóttir, kom til landsins í opinbera heimsókn 28. – 30. nóvember. Dagskráin var tvíþætt, annars vegar hér á höfuðborgar-svæðinu og hins vegar norðan heiða, í Eyjafirði. Allt gekk að óskum hér fyrir sunnan en svo skall á stórhrið og það varð með öllu, ófært norður. Því varð að fresta þeim hluta heimsóknarinnar en nú hefur verið ákveðið að Guðrún Björt haldi norður, 17. apríl og ljúki þar með opinberri heimsókn hér á heimaslóðum.

Í sambandi við þessa heimsókn voru ýmsir góðir lionsfélagar heiðruð fyrir störf sín fyrir lions. Eftirfarandi hlutu „Certificate of Appreciation“ viðurkenningar í B umdæminu:

Bragi Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar

Fyrir mikla og góða vinnu og stjórn við ungmennabúðirnar sem voru haldnar sumarið 2018. Bragi er dugmikill og jákvæður lionsmaður.

Björn Guðmundsson, Lkl. Hæng, Akureyri

Fyrir hans öflugt og óeigingjarnt starf við að reisa við Lionsklubb Blönduóss. Björn er kraftmikill, duglegur og áhugasamur lionsmaður

Magnús Svavarsson, Lkl. Sauðárkróks

Fyrir kraftinn og dugnaðinn við fjáröflun fyrir skynörvunarherbergi við sjúkrahúsið á Sauðárkróki. Þetta var samvinnuverkefni með Lkl. Björk á Sauðárkróki, Lkl. Höfða á Hofsósi og Lkl. Skagafjarðar.

Svava Svavarsdóttir, Lkl. Björk, Sauðárkróki

Fyrir sína miklu vinnu sem hún lagði fram við fjáröflunina fyrir skynörvunarherbergi við sjúkrahúsið á Sauðárkróki. Ósérhlífin og duglegur félagi.



Vala Lee Jóhannsdóttir, Lkl. Agla, Borgarnesi

Fyrir sína miklu vinnu sem hún vann við ungmennabúðirnar sem voru haldnar sumarið 2018. Vala var að öðrum ólöstuðum hjartað bak við búðirnar og lét öllum líða vel.

Sigurgeir Hreinsson, Lkl. Vitaðsgjafa, Eyjafjarðarsveit og Bylgja Sveinbjörnsdóttir, deildinni Sif
Þau fengu viðurkenningu fyrir þeirra frábæra starf við stofnun Sifjar, kvennadeildarinnar frá Vitaðsgjafa.

Einnig voru veittar 4 Leiðtogaorður „International Leadership Medal“ frá alþjóðaforseta fyrir frábær störf og leiðtogahæfileika í starfi fyrir Lionshreyfingarinnar. Þær hlutu:

Valgerður Bragadóttir, Lkl. Ösp, Akureyri fyrir mikla leiðtogahæfileika.

Gerður Jónsdóttir, Lkl. Ylfu, Akureyri fyrir mikið og óeigingjarnt starf fyrir hreyfinguna.

Tryggvi Kristjánsson, Lkl. Dalvíkur fyrir virkt starf innan hreyfingarinnar.

Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafa, Eyjafjarðarsveit fyrir fórnfúst starf fyrir hreyfinguna m.a. vegna talsverðar vinnu við framboð Guðrúnar Bjartar í Las Vegas.

Að lokum voru veittar 2 Forsetaorður „International President's Award“ en sú orða er sú næstæðsta sem hægt er að veita innan alþjóðahreyfingar lionsklúbba. Þau voru:

Dagný Finnsdóttir, Lkl. Úu, Mosfellsbæ fyrir framúrskarandi starf í sínum klúbba, umdæminu, fjölumdæminu og síðast en ekki síst fyrir hið mikla og óeigingjarna starf vegna framboðs Guðrúnar Bjartar til alþjóðaforseta.

Árni V. Friðriksson, Lkl. Hæng, Akureyri fyrir áratuga fórnfúst starf í þágu síns klúbbs, umdæmis og fjölumdæmis.

Það voru 3 klúbbar í B-umdæminu sem unnu sér það inn að fá viðurkenningu sem heitir Club Excellence Award (Framúrskarandi klúbbar) fyrir starfsárið 2017-18. Þetta voru:

Lkl. Húsavíkur, Lkl. Hængur, Akureyri og Lkl. Sunna, Dalvík.

New Voices

Þegar Guðrún tók við sem 2. varaforseti, þá hafði hún ekki hugsað sér að tala sérstaklega um hlut kvenna í Lions. En eftir því sem hún fékk oftar spurningar varðandi stöðu kvenna í hreyfingunni og hvort hún ætlaði ekki að gera eitthvað til að rétta hlut kvenna, hugsaði hún með sér, ef ekki ég núna, hver þá, hvenær?

Þannig kviknaði hugmyndin að „New Voices“. Að beina kastljósinu að konum sem unnið hefðu framúrskarandi störf undir merkjum Lions í þjónustu, leiðtoga- og fræðslumálum, félagamálum og kynningarmálum. Þar með myndu nýjar raddir heyrast, sem yrði um leið hvatning fyrir aðrar konur að ganga til liðs við Lions. Nýjar raddir eru konur og karlar, sem láta sögur kvenna heyrast, segja sögur kvenna.

Kynning á „Nýjum röddum“ í umdæminu mun stuðla að jafnrétti, hvetja klúbba til að fjölga kvenkyns félögum (taka inn nýja féлага og koma í veg fyrir brottfall þeirra sem fyrir eru) og hjálpa til við að brúa bilið milli karla og kvenna í forystuhlutverkum.

Öllum umdæmisstjórum var falið að finna 4 konur og/eða karla sem hafa unnið gott starf í lionshreyfingunni og sæma þau viðurkenningunni „New Voices. Eftirtaldir fengu viðurkenninguna í B umdæminu:



Björg Bára fékk viðurkenningu fyrir membership/félagann – allsstaðar þar sem hún kemur hampar hún þeirri hugsun sinni að hugsa um félagann, góður og sterkur klúbbur byggir á að félagar hans séu vinir og vinni sem einn maður saman að öllu sem klúbburinn tekur sér fyrir hendur.

Dagný fékk viðurkenningu fyrir service/verkefni – hún hefur ásamt teyminu sínu unnið frábært starf sem lestrarátaksstjóri, verkefni sem var ákveðið til 10 ára og hefur síðan það byrjaði alltaf orðið stærra og betra með hverju árinu sem líður.

Gerður fékk viðurkenningu fyrir marketing/kynningu – hún stofnaði og sér um facebooksíður lions á Íslandi, er vakandi yfir að fylgjast með innleggjum sem tengjast atburðum hjá lionsklúbbum og/eða félögum um land allt.

Hrund fékk viðurkenningu fyrir leadership/leiðtogann/fræðsluna – en eins og allir vita hefur hún árum saman verið fremst í flokki við að kenna í skólum Lions, bæði Leiðtogaskólanum, svæðisstjórum o.s.frv. Nú er hún farin af stað sem Lions Quest stjórn okkar í samstarfi við ÍSÍ að finna íþróttafélag sem er tilbúið að taka þátt í vinnu sem er að fara af stað með þýðingu á námsefni og fl.

Góugleði

Þann 8. mars síðastliðinn var haldin Góugleði lionskvenna og gesta þeirra í Haukahúsinu, var þátttakan hjá konum ekki eins góð og undanfarin ár en við sem mættum áttum saman góða kvöldstund undir styrkri stjórn veislustjórans Þórunnar Lárusdóttur söng/leikkonu, Rakel Pálsdóttir söngkona kom og söng nokkur lög við mikla hrifningu okkar allra og svo má alveg minnst á Lionsbandið sem hélt uppi stuðinu svo við dönsuðum, sungum og skemmtum okkur vel.

Í föstudagsþætti sjónvarpsstöðvarinnar N4 var sýnt viðtal við 2 hörkuduglegar lionskonur á Akureyri þær Anna Sigríður Halldórsdóttir í Lkl. Ösp sem er svæðisstjóri á svæði 6 og Anna Blöndal sem er GLT-konur í Lions fulltrúi í umdæminu. Töluðu þær um hreyfinguna, umdæmið, svæðið og klúbbana á svæði 6. Starfið fyrir norðan er öflugt og við getum verið stolt af klúbbunum þar.

Námskeið

Það er ómetanlegt að við skulum geta boðið félögum okkar upp á jafn fjölbreytt og vönduð námskeið og raun ber vitni. Ég hvet alla Lionsfélaga til að nýta sér þá fræðslu sem GLT-teymið býður upp á. Þar er Leiðtogaskólinn í broddi fylkingar, frábært tækifæri fyrir alla áhugasama félaga.

MyLion

27. mars síðastliðinn urðu tímamót í sögu skráninga hjá lionsklúbbum og MyLion var gert að einu innskráningarsíðunni fyrir allar gáttir Lions International. Af þeim sökum þurfum við öll virkja aðgang okkar á <https://app.mylion.org/>. MyLCI verður áfram virkt en eftir 27. mars þurfa allir að skrá sig inn í gegnum MyLion til að komast þar inn.

Rauð fjöður

Eins og þið vitið var Rauðu fjaðrar söfnun haldin dagana 5.-7. apríl síðastliðinn og verður nánar sagt frá henni á fjölum dæmisþinginu.



LCIF

Það hefur ekki safnast jafnvel í Alþjóðahjálparsjóðinn í ár og var í fyrra þegar að allir klúbbar í umdæminu gáfu í „poka umdæmisstjórans“ enda hlutu þeir Björn Guðmundsson og Kristinn Hannesson „Bronsviðurkenningu Lions Clubs International Foundation“ fyrir framgöngu sína í að safna fé til LCIF frá Lionsfélögum og klúbbum á síðasta ári. Ég vil hvetja þá klúbba sem ekki hafa gefið nú þegar að drífa sig í því, þetta þurfa ekki að vera stórar upphæðir, margt smátt gerir eitt stórt. Einnig vil ég hvetja lionsfélaga til að gefa sjálfir t.d. með því að láta draga af kortinu einhverja ákveðna upphæð mánaðarlega og/eða leggja einhverja upphæð inn á reikning LCIF. Það er hægt að fara inn á vef LCIF og gera þetta sjálf.

NSR

Norðurlandþing Lions var haldið í Noregi í janúar. Við stýrurnar sóttum þingið, ásamt vara mönnum okkar, Ellerti, Jóhönnu og Braga, en einnig sátu þingið, Kristinn Hannesson, fulltrúi í Alþjóðastjórn Lions og Jón Pálmason, fulltrúi okkar í samstarfsnefnd Norðurlanda. Auk hefðbundinna þingstarfa var farið yfir þau verkefni sem Norðurlöndin vinna sameiginlega, en ástæða þess að svo margir sóttu þingið af okkar hálfu, var að þarna var vinnustofa um framtíð NSR. Sú umræða var mjög gagnleg og komu fram margar góðar tillögur, m.a. varðandi sameiginlega heimasíðu.

Alþjóðastjórnarfundur

Það er hefð fyrir því að einn af fjórum fundum alþjóðastjórnar Lions, á hverju starfsári, sé haldinn í heimalandi forseta ef hægt er að koma því við. Því var fundur Alþjóðastjórnar Lionshreyfingarinnar haldinn í Reykjavík, 3. – 6. apríl s.l. Það er gríðarleg vinna að undirbúa viðburð af þessu tagi og í mörg horn að líta, en með samstilltu átaki gekk allt að óskum. Ég vil þakka þeim fjölmörgu sem lögðu þessu einstaka verkefni lið og ég veit að gestirnir okkar héldu af landi brott með fallegar minningar.

Þar veitti Guðrún Björt nokkrar viðurkenningar fyrir störf vegna fundarins. Forsetaorðu International President's Award fyrir mikla og fórnfúsa vinnu við undirbúnings alþjóðafundarins fékk:

Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán, Ólafsvík

Lokaorð

Við lok starfsársins langar mig til að þakka öllu því góða Lions fólki sem ég hef kynnst á þessum ferðum mínum um umdæmið. Takk fyrir allt ykkar frábæra starf, þið eruð rötin í hreyfingunni, án ykkar væri hún ekki til.

Mig langar að þakka öllum í umdæmisstjórninni minni fyrir samstarfið í vetur, varaumdæmisstjóranum honum Braga Ragnarssyni en þar kemur traustur maður og góður félagi til starfa. Einnig vil ég þakka sérstaklega Guðjóni Andra Gylfasyni 2 varaumdæmisstjóra sem með mikilli vinnu og eljusemi hefur unnið frábær störf í vetur bæði sem 2 vara en ekki hvað síst sem GLT fulltrúi umdæmisins. Hann hefur unnið mikla vinnu við myndbönd um markmið og siðareglur Lions, búið til Íslandskort með yfirliti yfir lionsklúbbana á landinu, skellt sér í 2 lionsskóla erlendis til að ölast betri færni og réttindi til að fræða okkur hin, Lionsmaður með stóru L-i.



New Voices

THE INTERNATIONAL ASSOCIATION OF
LIONS CLUBS



Umdæmi / District 109 B – Hlíðasmári 14, IS 201 Kópavogur, ICELAND
Sími/Tel.: +354 561 3122. Netfang / E-mail: lions@lions.is

Svo má ekki gleyma hjálparhællunni minni, ferðafélaganum sem ég get alltaf leitað til honum Kela mínum.

Einnig vil ég þakka Kolfinnu og Magneu á lionsskrifstofunni fyrir alla aðstoðina og samstarfið undanfarin ár.

Stýrurnar - Ég má ekki gleyma þeim ☺ Björg Bára fjölumdæmisstjóri og Geirþrúður Fanney umdæmisstjóri í A-inu, þetta hefur verið ógleymanlegur tími hjá okkur í vetur, sterk vinabönd hafa orðið til á milli okkar allra ásamt Kela, Sigga og Halla og án þeirra hefði starfið í vetur ekki gengið jafnvel. Við byrjuðum árið á því að fara saman í nokkura daga ferðalag eftir þingið í Las Vegas og nú ætlum við að enda árið á því að fara saman til Mílanó og eyða saman nokkrum dögum þar á þinginu sem verður haldið þar í júlí.

Þetta var öðruvísi ár hjá lionsshreyfingunni á Íslandi – alþjóðaforsætinn okkar er íslensk, Guðrún Björt sem hefur stýrt okkur þetta árið. En ég er bjartsýn fyrir hönd okkar allra og veit að við eigum eftir að vaxa og dafna á komandi árum.

Kæru lionsfélagar takk fyrir samstarfið á árinu og ég óska ykkur alls hins besta.

Sigfríð Andradóttir

Umdæmisstjóri 109 B
Starfsárið 2018-2019